

## Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2016, fimmtudaginn 8. desember, var haldinn 151. fundur hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn í Melaskóla og hófst kl. 11.35. Viðstödd voru: Teitur Atlason, Margrét Marteinsdóttir, Marta Guðjónsdóttir og Rakel Dögg Óskarsdóttir áheyrnarfulltrúi. Einnig sátu fundinn Sigbrúður Erla Arnardóttir og Hörður Heiðar Guðbjörnsson sem jafnframt ritaði fundargerðina.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um skólamál í Melaskóla.  
Björgvin Þór Þórhallsson skólastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Lögð fram skýrsla innri endurskoðunar um úttekt á þjónustumiðstöðvum og hverfisráðum.
3. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 2. desember 2016, varðandi Grandaveg.

Hverfisráð Vesturbæjar leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Vesturbæjar styður að Grandavegur verði gerður að einstefnugötu í vestur til að draga úr umferðarmagni um götuna. Hugmyndin verði endurmetin í samráði við íbúa og reynslu þeirra af þessari tilhögun.

### Fundi slitið kl. 12.35

Teitur Atlason

Margrét Marteinsdóttir

Marta Guðjónsdóttir